

## 7. gr.

Nú kemur loðnuveiðiskip með loðnufarm til hafnar blandaðan smáloðnu og er þá loðnumóttakanda skylt að ganga úr skugga um, hvert sé hlutfall smáloðnu í aflanum, á þann hátt að tekin skulu þrjú sýnishorn valin af handahófi með 100 loðnum í hverju. Sé hlutur smáloðnu, sbr. 6. gr., að meðaltali úr þesum þremur sýnishornum meiri en 55%, skal loðnumóttakandi gera Ríkismati sjávarafurða aðvart, sem gengur úr skugga um stærðarhlutföllin á sama hátt og að framan greinir og gerir sjávarútvegsráðuneytinu aðvart, sé hlutur smáloðnu yfir 55%.

## 8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr., er sjávarútvegsráðuneytinu heimilt að veita leyfi til að veiða á smáloðnu til niðurlagningar.

## 9. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með áorðnum breytingum og ákvæðum laga nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands.

## 10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með áorðnum breytingum og lögum nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 4. júlí 1985.*

F. h. r.

**Árni Kolbeinsson.**

*Jón B. Jónasson.*

Nr. 286

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Áslaugar Þórðardóttur (nr. 750), útgefin á venjulegan hátt, að mandatum, af dómsmálaráðherra 12. júlí 1985.

Skipulagsskráin er þannig:

## VIÐAUKASKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Áslaugar Þórðardóttur (nr. 750)

## 1. gr.

Viðauki þessi er gerður af stjórn Hvítabandsins.

## 2. gr.

2. gr. skipulagsskrár fyrir minningarsjóð Áslaugar Þórðardóttur orðist svo:  
Tilgangur sjóðsins er að styrkja líknar- og heilbrigðismál að mati stjórnar hverju sinni.

Leita skal staðfestingar á viðaukaskipulagsskrá þessari.